



Fuglavernd

Skúlatúni 6 • 105 Reykjavík • Sími 562 0477 • fuglavernd@fuglavernd.is • www.fuglavernd.is

Umhverfissráðuneytið  
Skuggasundi 1  
Umhverfissráðherra  
Þórunn Sveinbjarnardóttir

### Sölubann á villigæsum

Stjórn Fuglaverndar leggur til við háttvirtan umhverfissráðherra að beita sér fyrir sölubanni á villigæsum fyrir haustið 2008. Atvinnuveiðar á fuglum eru tímaskekkja í nútímasamfélagi þar sem þrengt er verulega að fuglastofnum með skerðingu búsvæða og hnattrænum umhverfisbreytingum.

Samhliða tveggja ára friðun rjúpnastofnsins var einnig lagt á sölubann og heppnaðist sú aðgerð ákaflega vel. Samhliða friðun blesgæsar hefur ekki verið í gildi sölubann og hefur sú friðunaraðgerð ekki skilað þeim árangri sem vonast var eftir. Samkvæmt talningum á vetrarstöðvum blesgæsa á Bretlandseyjum hefur blesgæsastofninn ekki tekið við sér í kjölfar friðunar og svo virðist sem enn séu stundaðar hér blesgæsaveiðar að einhverju leyti. Villibráð nýtur vaxandi vinsælda á veitingahúsum og undanfarin ár hefur farið fram markaðssetning á villibráðarhlaðborðum. Eigendur veitingahúsa kaupa í flestum tilfellum gæsabringur af veiðimönnum, en ekki heilar gæsir, og vita þar af leiðandi ekki hverrar tegundar fuglinn er. Með sölubanni væri komið í veg fyrir þá freistingu veiðimanna að eiga gróðavon af veiðum á blesgæs og ofveiði á öðrum gæsategundum.

Það hefur sýnt sig og sannað að svonefndir magnveiðimenn eru lítil hluti af heildarfjölda veiðimanna en veiða stóran hluta af bráðinni. Skotvís hefur talað gegn magnveiðum og Fuglavernd tekur í sama streng. Fuglaveiðar í atvinnuskyni, magnveiðar, eru tímaskekkja sem nú er tækifæri til að leiðrétta með sölubanni á villigæsum.

Reykjavík 18.1.2008

Virðingarfyllst  
F.h. Fuglaverndar

---

Einar Ó. Þorleifsson